

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá og fréttabréf 2010

1. tbl. 14. árg. Mars 2010 Ábyrgðarm. Sigurborg Hákonard. og Laufey Þ. Sveinsd.

Mottó félagsins er
„Eitthvað fyrir alla
og allir með“



Skáli félagsins er á Karlsstöðum í Vöðlavík

Pantanir á gistingu eru hjá Inu í gsm 894-5477.

Í skálanum er góð gistiðstaða, rúmgóður matsalur, góður borðbúnaður og eldað er á gasi. Vatns-salerni og sturta (100 kr. x 3) eru í sér húsi við hlið skálans. Stórt kolagrill og góður sólpallur er við skálann. Sjálfboðaliðar óskast til skálavörslu og gefur Lulla upplýsingar í síma 863-3623.

Hafið þetta eintak við hendina og takið þátt í ferðum sumarsins
Sækjum orku og skemmtun í útivist og góðan félagsskap
Allir eru hjartanlega velkomnir!



Skógdalur/Seldalur



Gullþúfuvíti



Fjallagarpur í gönguvíkunni

Ferðafélag Fjarðamanna

Ferðadagskrá 2010

2. apríl. (föstudagurinn langi)

Píslarganga á skíðum.

Ræðst af snjóalögum hvar gengið verður. Fararstjóri: Kristinn Þorsteinsson. Nánar auglýst á heimasíðu. Verð kr 500.- fyrir fullorðna.

4. apríl. (páskadagur)

Hátíðarganga út í Páskahelli Norðfirði. 

Verða þetta páskarnir þar sem sólin dansar? Upprifjun á sögnum. Fararstjóri: Ína D. Gísladóttir. Mæting kl 06:00 við vitann á Bakkabökkum. Verð kr 500.- fyrir fullorðna

24. apríl.

Fögnum sumri í Neskaupstað. 

Bæjarferð, blandað saman fróðleik, léttri göngu og skemmtun. Komið við í Safnahúsi. Leiðsögn: Smári Geirsson. Mæting kl. 10:00. Verð kr 500.- fyrir fullorðna.

30. apríl.

Kvöldganga í Reyðarfirði. 

Gengið eftir gamla þjóðvegnum yfir Götuhjalla fyrir innan Eyri í Reyðarfirði. Lítt kvöldganga. Fararstjóri Einar Þorvarðarson. Mæting kl. 20:00 við Eyri. Verð kr. 500.- fyrir fullorðna.

8. maí.

Fuglatalning og fuglaskoðun á leirum Reyðarfjarðar og Norðfjarðar

Samvinnuferð með Náttúrustofu Austurlands. Sérfræðingar hennar stjórna talningu og koma með „fuglaskóp“ fyrir þátttakendur. Frítt fyrir alla. Mæting á háfjörú kl. 16:00 á Norðfirði og kl. 17:00 á Reyðarfirði.

29. - 30. maí.

Viðfjörður – Barðsnes. Vor á Suðurbæjum   + 

1. dagur: Siglt frá Norðfjarðarhöfn til Viðfjarðar kl. 09:00. Gengið í Sandvíkurskarð og þaðan út að Barðsnesi. Glæsilegt útsýni úr Skarðinu. Gist á Barðsnesi.

2. dagur: Gengið í Skollaskarð og þaðan upp á Vatnshól. Farið í Mónes og út fjörur að einstökum steingerfingum og síðan í bakaleið út á Hornfont. Siglt til baka frá Barðsnesi ef veður leyfir, annars frá Viðfirði. Litskrúð í líparíti, rústir, sögur, fuglalíf og einstakt útsýni ef vel viðr. Máltíð að hætti fararstjóra á laugardagskvöld er innifalín. Þátttakendur koma með annað nesti og svefnpoka. Hámarksfjöldi 20 manns.

Verð kr. 10.000 fyrir félagsmenn og 12.000 fyrir aðra. Börn frá 8-15 ára greiða hálf gíald. Fararstjórar Ína s. 894-5477 og Lulla s. 863-3623. Skráning í síðasta lagi fimmtudagskvöld fyrir ferð.



Í Staðaskarði



Horf til framtíðar

11. júní

„Farið hægt af stað” kvöldganga í Seldal 

Gengið upp með Selánni. Upphitun fyrir gönguviku.

Fararstjóri Ína Gísladóttir.

Mæting við bæinn í Seldal kl. 20:00.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

12. júní.

Karlsskálahringurinn   

Gengið frá Karlsskála um Sléttaskarð í Karlsskálaskarð

og þaðan til baka í Karlsskála,

6-8 klst. Upphitun fyrir gönguviku.

Fararstjóri Árni Ragnarsson.

Mæting kl 10:00 við afleggjarann til Vöðlavíkur.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

13. júní.

Lollinn út á Múla og síðan niður í Hellisfjörð   

Til baka um Götuhjalla 6-8 klst. ganga.

Upphitun fyrir gönguviku.

Fararstjóri Laufey Sveinsdóttir.

Mæting kl 10:00 við Grænanes.

Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

19. – 26. júní.

Á fætur í Fjarðabyggð

Göngu- og gleðivika

fyrir alla fjölskylduna.

**Ráðhildur ráðgöða sendir
ykkur lesendum þessi
heiliræði:**

Mikilvægasti útbúnaður í fjallgöngur eru sjálfstraust, ábyrgð, áræðni, jákvæðni, forvitni, innsæi á eigin getu, viljastyrkur, samkennd gagnvart ferðafélögum og góða skapið.



Bláklukka



Brönugrös



Geithvönn



Engjarós

„Á fætur“ í Fjarðabyggð




19. - 26. júní 2010



Göngu- og gleðivika fyrir alla fjölskylduna

Kvöldvökur öll kvöldin. Dagskráin er auglýst nánar í „gönguvikubæklingi“ sem borinn verður út í öll hús í Fjarðabyggð. Dagskráin er einnig á heimasíðu okkar www.simnet.is/ffau

Laugardagur 19. júní

Kl. 10:00. Göngu og bátsferð




á Barðsneshorn   

Kl. 20:00 Sólstöðuganga á Álffjall.  

Mæting á Víkurheiði.


Kl. 21:00 Kvöldvaka.

Sunnudagur 20. júní

Kl. 10:00 Í fótspor Magnúsar sterka.   

Mæting við Útstekk við norðanverðan

Reyðarfjörð




Kl. 17:00 Fjölskylduganga um Hólatjarnir 

í Fannardal. Mæting innan við Naumamel

í Fannardal.

Kl. 21:00 Kvöldvaka.


Mánudagur 21. júní

Kl. 10:00. Gengið á Goðaborg   

1132 m (eitt af fjöllumum fimm í

Fjarðabyggð) Mæting við Tandрастаði í




Fannardal Norðfirði.

Kl. 17:00 Fossaskoðunarferð í Eskifirði. 

Mæting við Veturhús.


Kl. 21:00 Kvöldvaka.

Þriðjudagur 22. júní

Kl. 10:00 Gengið á Hólmatind   

985 m (eitt af fjöllumum fimm í Fjarðabyggð)

Mæting við Sómastaði í Reyðarfirði

Kl. 17:00 Hólmanes, göngu og bátsferð 

fyrir alla fjölskylduna. Mæting neðan við

sjónvarpsmastríð sunnan Eskifjarðar

Kl. 19:00. Grillveisla á Borgarsandi

Kl. 21:00 Kvöldvaka.

Hægt verður að prófa kajak í

Mjóeyrarvíkinni.


Miðvikudagur 23. júní

Kl. 10:00 Gengið á Hádegisfjall   

809 m (eitt af fjöllumum fimm í Fjarðabyggð).

Mæting á bílastæðið við gangnamunnann




Reyðarfjarðarmegin.

Kl. 17:00 Gönguferð fyrir alla 

fjölskylduna upp með Búðará, Reyðarfirði.

Mæting við Stríðsárasafnið.

Kl. 21:00 Kvöldvaka

Kl. 23:00 „Nóttin er ung“   

Næturganga á Jónsmessunótt. Gengið frá

Geithúsa í Oddsdal um Hnúka, Sel, Hellis-

fjörð, Sveinsstaði og síðan um Götuhjalla til


Norðfjarðar. Mæting við Geithúsa í Oddsdal.

Fimmtudagur 24. júní

Kl. 10:00 Gengið á Kistufell    

1239 m (eitt af fjöllumum fimm í Fjarðabyggð).

Mæting við Áreyjar í Reyðarfirði.

Kl. 17:00 Gönguferð fyrir alla 



fjölskylduna upp með Svartagili í Fáskrúðs-

firði. Mæting á snúningsplaninu sunnan

Fáskrúðsfjarðar móti kaupstaðnum.


Kl. 21:00 Kvöldvaka.

Föstudagur 25. júní



Kl. 10:00 Gengið á Svartafjall 1021m (eitt  

af fjöllumum fimm í Fjarðabyggð). Mæting á

gamla Oddsskarðsveginn Eskifjarðarmegin.

Kl. 17:00 Gengið að Einbúanum 




sem fallið hefur úr brúnum Gráfells og að

steinboganum í Álftafelli.  

Mæting við bæinn Stöð í Stöðvarfirði.


Kl. 21:00 Kvöldvaka.

Laugardagur 26. júní

Kl. 10:00 Gengið fyrir Krossanes til   

Vöðlavíkur. Mæting við Karlsskála við

norðanverðan Reyðarfjörð.

Kl. 12:00 Fjörufurð og söguganga í Vöðlavík. 

Mæting við Karlsstaði, skála Ferðafélags

Fjarðamanna í Vöðlavík.

Kl. 20:00 Vegleg lokakvöldvaka.



Nípukollur



Af Andra

3. júlí.

Hvamsheiði - forn póstleið

milli Stöðvarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar Fararstjóri Einar Þorvarðarson.
Mæting kl. 10:00 við bæinn Hvamm í Fáskrúðsfirði og sameinast í bíla þar.
Gangan hefst við byggðina í Stöðvarfirði.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

9. júlí.

Gengið á Skuggahlíðarbjarg í Norðfirði

Mæting verður kl. 20:00 við Geithúsá. Fararstjóri Ína Gísladóttir.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

10. júlí.

Staðarskarð - forn póstleið

milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Fararstjóri Einar Þorvarðarson.
Mæting kl. 10:00 við bæinn Kolmúla í Reyðarfirði og sameinast í bíla þar,
lagt af stað utan við bæinn Höfðahús í Fáskrúðsfirði.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna

17. júlí.

Eskifjarðarheiði - forn póstleið

milli Eskifjarðar og Héraðs. Fararstjóri Magnús Pálsson.
Mæting kl 10:00 við borholu hitaveitunnar innan við Eskifjörð og sameinast
í bíla þar, gengið frá Héraði (Tungudal).
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

24. júlí.

Yfir Fönn

Gengið yfir Fönn, frá Eskifirði til Norðfjarðar, 9-10 klst. Gengið frá Veturhúsum
á fjallið Andra (1000 m.), síðan haldið norður eftir fjallinu inn að Fönn þaðan sem
gengið verður niður í Fannardal til Tandrastaða u.b.b. 18 km. leið.
Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson.
Mæting kl. 10:00 við borholuhús hitaveitunnar fyrir innan Eskifjörð.
Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

31. júlí.

Neistaflugsganga á Nípukoll

Pangað berst tónaflóð og hátíðarstemning. Njótið þess ofan frá !!
Fararstjórar Benti og Jóna Kata eða Bjarni og Sibba.
Mæting við Norðfjarðarvita kl. 16:00. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

14. ágúst.

Berufjarðarskarð - forn póstleið 

milli Berufjarðar og Breiðdals. Fararstjóri Katrín Gísladóttir.
Mæting við bæinn Flögu í Breiðdal kl. 10:00 og sameinast í bíla.
Lagt af stað í gönguna frá bænum Berufirði. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

21. ágúst.

Glæsitundurinn Bagall í Norðfirði klifinn 

1060 m Útsýni um Mjóafjörð, Norðfjarðarfjallgarð og Norðfjörð.
Fararstjóri Árni Þorgeirsson.
Mæting kl 10:00 í Kirkjubólsteigi. Verð kr. 500 fyrir fullorðna.

28. ágúst.

Gengið frá Dalatanga 

um Afrétt, yfir Afréttarskarð og niður með stórbrotnum og hrikalegum klettaþiljum Skálanesbjargs að Skálanesi í Seyðisfirði. Kvöldmatur á Skálanesi í ferðarlok innifalinn í verði. Fararstjóri Bjarni Aðalsteinsson.

Mæting hjá Upplýsingamiðstöðinni á Egilsstöðum kl. 09:00.

Rúta þaðan og út á Dalatanga og til baka frá Seyðisfirði.

Verð 9.500 fyrir félagsmenn og 10.500 fyrir aðra.

Ferðin er samvinnuferð Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðafélags Fjarðamanna.

Fjallaleikurinn „Fjöllin fimm í Fjarðabyggð“

Til að ná titlinum **fjallagarpur Fjarðabyggðar** þarf að klífa fjöllin Godaborg, Svartafjall, Hólmatind, Hádegisfjall og Kistufell. Á þeim eru staðsettir stimplar og gestabækur. Frá því leikurinn hófst 2004 til ársins 2009 hafa 48 garpar náð þessum áfanga. Árið 2009 kláruðu 21 öll fjöllin og þar af 12 konur í gönguvíkunni „Á fætur í Fjarðabyggð“. Við hvetjum alla til að drífa sig á fætur og leggja fjöllin að fótum sér og stunda hressandi útiveru og hreyfingu í faðmi fjallanna.

Allar nánari upplýsingar um leikinn eru á heimasíðu félagsins.

Stimpilhefti kosta 500 kr. og eru til sölu í Fjarðasporti Neskaupstað, Veðiflugunni á Reyðarfirði, Upplýsingamiðstöðinni við tjaldstæðið á Egilsstöðum og hjá fararstjórum í ferðum félagsins.



Bagall



Stiklað í gönguferð

Heimasíða félagsins hefur frá stofnun verið í umsjón og unnin af Árna Ragnarssyni gjaldkera félagsins og kunnum við honum bestu þakkir fyrir frábært starf.



4. sept.

Reiðhjólaferð

út að Karlsskála og til baka. Leiðin er um 30 km. Verð kr. 500 fyrir fullorðna. Fararstjóri Árni Ragnarsson. Mæting á Mjóeyri kl. 10:00. **ATH. Ekki malbikað.**

11. sept.

Gengið frá Viðfirði um Nónskarð og Gerpisskarð í Vöðlavík

Gisting í Karlsskála fyrir þá sem það vilja. Fararstjóri Kristinn Þorsteinsson. Mæting við Karlsstaði kl. 9:00 og sameinast í bíla þar. Verð kr. 2.500 fyrir þá sem gista, en kr. 500 fyrir aðra. Aðstaða til að elda sameiginlegan mat á laugardagskvöldið. Netfang: seldalur@centrum.is

Ef þess er ekki sérstaklega getið greiða 16 ára og eldri sem fullorðnir og börn frá 8 - 15 ára greiða hálf t gjald.

Allir göngumenn eru á eigin ábyrgð í ferðum okkar.

Athygli er vakin á, að fólk kanni sínar fjölskyldu- og frítímatryggingar.

Allar ferðir auglýstar í Dagskránni - Sækjum kraft og gleði í móður náttúru !

Nánari ferðadagskrá, upplýsingar um sögu og starf félagsins, fjallaleikinn “Fjöllin fimm”, kynningu á fjallagörpum, myndir úr ferðum og starfi og fleira skemmtilegt er að finna á heimasíðu félagsins

<http://www.simnet.is/ffau/>
Tölvupóstfang; seldalur@centrum.is

Eitthvað fyrir alla og allir með

Pema sumarsins er „fornar póstleiðir“



Viðfjörður

Fréttir af félaginu

Starf félagsins var með hefðbundnum hætti sl. ár. Gistinætur í skálanum í Vöðlavík voru aðeins 110 nætur, en nú á komandi sumri er þegar búið að panta um 200 nætur, lítur því út fyrir gott ferðasumar. Félagið þarf að ráðast í tvö stór verkefni; annars vegar að skipta út endamerkingum og hefur SÚN og Ferðamálaráð styrkt félagið til þess og hins vegar að gefa út nýtt göngukort. Mikið verk og kostnaður er í kortagerð og hönnun á endamerkingum og þarf að ráða til þess starfsmann.

Stjórnarskipti voru á aðalfundinum 2009 og lét Ína Dagbjört Gísladóttir af formennsku eftir 13 ára starf. Henni eru hér með þökkúð ómetanleg störf og elja í þágu félagsins og vonandi njótum við áfram krafta hennar. Við formennsku tók Laufey Þóra Sveinsdóttir og situr stjórn hennar til ársins 2012.

Húsanefnd: Á hverju vori er farið í vinnuhelgi til Vöðlavíkur til að vinna við skálann okkar og umhverfi hans. Nú í vor liggur fyrir að endurnýja þarf vatnsveituna að miklu leyti. Eins og staðan er núna er ekki nægt vatn fyrir sturtuna. Það er von okkar að félagar komi og leggi nefndinni lið í þessari vinnu, einnig þarf að mála, þrifa o.fl.. Á vinnuhelgum er glatt á hjalla og nóg að bíta og brenna. Endilega leggið hönd á plóg því að eins og máltækið segir „margar hendur vinna létt verk“.

Ferðanefnd: Ferðadagskrá sumarsins er fjölbreytt og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Félagið tekur þátt í gönguvíkunni eins og undanfarin ár og þar er stanslaust fjör og hægt að taka fjallaleikinn fyrir þá hressustu á einni viku. Á árinu 2009 var ágæt þátttaka í ferðum félagsins og flestar voru farnar þrátt fyrir að veðrið væri ekki upp sitt besta sl. sumar.

Nefndin vill sérstaklega þakka fararstjórum fyrir vel unnin störf.

Gönguleiðanefnd: Fyrirhugað er að setja upp endamerkingar við gönguleiðina fyrir Krossnesskriður og stika gönguleið upp á Valahjalla að flugvélarflakinu. Einnig á að setja endamerkingar og stika leiðina yfir Karlsstaðaskarð. Nóg er til af tilbúnum stikum og væntir nefndin þess að félagsmenn bregðist vel við kalli í vinnu við þessar stikanir. Allir þeir sem hafa gönguleiðir í fóstri eru minntir á að fara yfir sínar leiðir og hafa samband við Hjálmar Jóhannsson ef þá vantar stikur.

Kiddi fararstjóri



Formannskipti

Aðalfundur

Ferðafélags Fjarðamanna

verður haldinn í Björgunarsveitarhúsinu við Strandgötu á Eskifirði fimmtudaginn 15. apríl kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf, inntaka nýrra félaga, afhending fjallagarpaverðlauna, kaffi og spjall, Sævar Guðjónsson verður með myndasýningu úr gönguvíkunni 2009.